

Söfnunarsjóður Lífeyrisréttinda

Ársreikningur fyrir árið 1998

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla stjórnar	2.-5.
Áritun endurskoðenda	6.
Efnahagsreikningur.....	7.
Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris	8.
Sjóðstreymi	9.
Skýringar	10. - 15.

Skýrsla stjórnar fyrir árið 1998

Árið 1998 var 24. starfsár Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda, en hann hóf starfsemi 26. september 1974. Hét hann þá Biðreikningur lífeyrissjóðsiðgjalda en Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda tók við réttindum og skyldum Biðreikningsins þann 1. janúar 1981.

Ný lög um sjóðinn

Í lok ársins voru samþykkt á Alþingi ný lög um starfsemi Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda, nr. 155/1998, í stað eldri laga um sjóðinn. Eru þau fyrst og fremst almennur lagarammi um starfsemi sjóðsins þar sem frekari útfærsla á starfsumgjörð hans er mörkuð í samþykktum. Unnið er að því að aðlaga reglur sjóðsins að nýrri rammalöggjöf um starfsemi lífeyrissjóða.

Séreignardeild

Á árinu ákvað stjórn sjóðsins að stofna séreignardeild við sjóðinn. Hlutverk hennar er að taka við viðbótarsparnaði sjóðfélaga og þeirra sem þess óska. Er deildin leið fyrir þá sem kjósa að leggja til hliðar 2%, til viðbótar við þau 4% sem skylt er að greiða til lífeyrissjóða, og heimilt er að draga frá skatti. Samkvæmt reglum um séreignardeildir lífeyrissjóða er skylt að halda rekstri þeirra fjárhagslega aðskildum frá annarri starfsemi. Í því skyni var ákveðið, eftir útboð meðal fyrirtækja á fjármagnsmarkaði, að semja við Búnaðarbanka Íslands, verðbréf, um ávöxtun fjármuna deildarinnar. Jafnframt var gerður samningur við bankann um fjárvörslu fyrir hluta af fjármunum samtryggingardeildarinnar. Í bókhaldi sjóðsins er séreignarhlutinn algerlega aðskilinn frá bókhaldi samtryggingardeildarinnar eins og fer með mismunandi réttindahluta sjóðfélaga.

Tryggingafræðileg athugun

Staða sjóðsins er sterk og réttindi traust. Ákveðið var að leggja mat á stöðu sjóðsins miðað við árslok 1998. Samkvæmt því eru heildareignir hans umfram skuldbindingar, að teknu tilliti til skuldbindinga vegna framtíðariðgjalda og núvirðingar eigna miðað við 3,5% raunvexti 3,0 mia.kr. Eru það um 20,2% af hreinni eign til greiðslu lífeyris í árslok 1998. Niðurstæða miðað við árslok 1997 var 2,6 mia.kr. eða 19,9% af hreinni eign í árslok 1997 en þá var ekki tekið tillit til núvirðingar eigna miðað við 3,5% raunvexti. Vegna sterkrar stöðu er stjórn að vinna að breytingu á réttindum sjóðfélaga.

Innheimta iðgjalda

Samkvæmt nýju lögnum um starfsemi lífeyrissjóða fær Söfnunarsjóðurinn víðtækara hlutverk en hann hefur haft með höndum til þessa. M.a. er gert ráð fyrir að sjóðurinn annist innheimtu iðgjalda þeirra sem af einhverjum ástæðum hafa hvorki greitt í lífeyrissjóð né tilgreint lífeyrissjóð í skattframtali. Verið er að vinna að aðlögun sjóðsins að þessu hlutverki. Gert er ráð fyrir að þeir sem ekki hafa greitt samkvæmt skattframtali verði gert viðvart af hálfu skattyfirvalda. Þannig eiga allir að geta staðið í skilum áður en til innheimtu kemur. Gerist það ekki, verður innheimtan send til lífeyrissjóðanna. Söfnunarsjóðurinn mun innheimta iðgjöld þeirra sem ekki ber að skila iðgjöldum til tiltekins lífeyrissjóðs skv. stéttarfélagasáðild og kjarasamningum.

Ný heildarsamtök lífeyrissjóða

Tvenn hagsmunasamtök lífeyrissjóða, Samband almennra lífeyrissjóða og Landssamband lífeyrissjóða, hafa verið starfandi. Flestir lífeyrissjóðir hafa verið aðilar að öðru hvoru sambandanna en þó ekki allir. Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda hefur t.d. staðið utan þeirra. Á árinu var ákveðið að stofna til nýrra samtaka lífeyrissjóða og leggja hin niður. Þátttaka lífeyrissjóða í hinum nýju samtökum, sem fengu nafnið Landssamtök lífeyrissjóða, var mjög góð. Alls gerðust 49 lífeyrissjóðir stofnaðilar en að baki þeirra standa um 97% af heildareignum lífeyrissjóða. Stjórn Söfnunarsjóðsins ákvað að gerast stofnaðili að samtökunum.

Árið 2000

Allur hugbúnaður hjá sjóðnum hefur nú verið prófaður og yfirfarinn og mun því starfa eðlilega þegar árið 2000 gengur í garð. Vélbúnaður sjóðsins, sem að meginstofni er frá árinu 1995, hefur einnig verið skoðaður og var talið skynsamlegt að endurnýja hann. Verður það gert á vormánuðum 1999. Sjóðurinn hefur þá að fullu lokið aðlögun að ártalinu 2000.

Húsnæðismál

Í lok árs 1997 var ákveðið að leita eftir nýju húsnæði fyrir sjóðinn. Núverandi húsnæði er orðið of lítið og aðgengið að sjóðnum erfitt fyrir ýmissa hluta sakir. Tókust samningar við embætti ríkistollstjóra um samleigu á húsnæði að Skúlagötu 17. Gert er ráð fyrir að sjóðurinn flytji 1. júlí 1999. Allt aðgengi verður mun betra og næg bílastæði. Einnig mun aðstaða fyrir starfsfólk og til fundarhalda batna frá því sem nú er.

Rekstur og fjárfestingar 1998

Á árinu 1998 greiddu 15.937 einstaklingar iðgjöld til sjóðsins. Iðgjöld voru alls 519,1 m.kr. sem er 16,6% hækkun frá fyrra ári, en þá námu þau 445,3 m.kr. Hækkun iðgjalda stafar af hækkun launa og auknum fjölda sem hefur kosið að greiða til sjóðsins eða samið sig að honum. Heildarfjöldi sjóðfélaga í árslok 1998 var 93.724 og heildarstigafjöldi til lífeyrisréttar

er reiknaður 125,8 þús. stig. Virkir sjóðfélagar samkvæmt skilgreiningu Fjármálaeftirlitsins voru á síðasta ári 6.748. Virkir sjóðfélagar teljast þeir sem greiða til sjóðsins bæði í mars og október ár hvert. Hefur þeim fjölgað um 12,6%.

Árið 1998 var gert átak til þess að koma þeim sjóðfélögum á lífeyri sem ekki höfðu sótt um það en náð tilsettum aldri. Leiddi það m.a. til þess að lífeyrisgreiðslur jukust um 46,5%. Námu lífeyrisgreiðslur til sjóðfélaga alls 94,5 m.kr. Greiddur lífeyrir skiptist þannig að barnalífeyrir nam 4,1 m.kr., ellilífeyrir 52,2 m.kr., makalífeyrir 8,7 m.kr. og örorkulífeyrir 29,5 m.kr. Lífeyrisþegar voru samkvæmt skilgreiningu bankaeftirlits Seðlabanka Íslands 706 árið 1997 en 908 árið 1998. Fjölgaði lífeyrisþegum því um 202 eða 28,6% frá fyrra ári.

Ráðstöfunarfé sjóðsins 1998 samkvæmt sjóðstreymi var 2.295,1 m.kr. og hækkaði um 3,6% frá árinu áður. Sjóðurinn fjárfesti í skuldabréfum, erlendum verðbréfasjóðum og innlendum hlutabréfum í samræmi við stefnu stjórnar. Jafnframt voru veitt lán til sjóðfélaga á ný en frá 1. janúar 1998 höfðu sjóðfélagar möguleika á lánveitingum frá sjóðnum. Lánin eru veitt gegn fasteignaveði og eru til 8-20 ára. Þau eru verðtryggð samkvæmt vísitölu neysluverðs til verðtryggingar og eru vextir nú 5,5%.

Fjárfest var í innlendum skuldabréfum fyrir 1.734,3 m.kr. sem skiptist þannig að keypt voru skuldabréf banka, sparisjóða og fjárfestingarlánasjóða fyrir 448,6 m.kr., skuldabréf annarra fjármálafyrirtækja, s.s. eignarleigufyrirtækja, fyrir 134,3 m.kr., skuldabréf sveitarfélaga fyrir 208,4 m.kr., skuldabréf fyrirtækja fyrir 104 m.kr. og skuldabréf Landsvirkjunar fyrir 41,7 m.kr. Lánveitingar til sjóðfélaga námu 46,3 m.kr. Þá keypti sjóðurinn skuldabréf Byggingarsjóða ríkisins þar meðtalin húsbref fyrir 643,2 m.kr. þ.e. 31,6% af heildarfjárfestingum sjóðsins. Einnig lagði sjóðurinn Speli ehf. til 107,8 m.kr. vegna Hvalfjarðarganga. Skuldabréf sjóðsins eru öll verð- eða gengistryggð og bera vexti á bilinu 4,8-11,0%.

Stjórn Söfnunarsjóðsins ákvað á fyrri hluta árs 1996 að semja við Kaupþing hf. um umsjón með hlutabréfaviðskiptum samkvæmt fyrirfram markaðri stefnu stjórnar. Hefur það samstarf gengið vel og skilaði sjóðnum 11,6% raunávöxtun hlutabréfasafnsins 1998. Á sama tíma hækkaði Þingvísitala hlutabréfa um 4,7%. Sjóðurinn lagði 132,8 m.kr. til fjárfestinga í hlutabréfum.

Fjárfest var í erlendum verðbréfasjóðum fyrir 165,8 m.kr. Sjóðurinn lagði til Commerz International Capital Management í Frankfurt 44 m.kr. og til Schroder Investment Management 21 m.kr. Jafnframt var ákveðið á árinu að hefja viðskipti við Scudder Kemper Investments, en VÍB er umsjónaraðili með sjóðum fyrirtækisins hér á landi, og einnig við Alliance Capital Management en Landsbref eru umsjónaraðili með sjóðum þess fyrirtækis. Til Scudder lagði sjóðurinn 75 m.kr. á árinu en til Alliance 25,5 m.kr. Ávöxtun fjármuna erlendis var almennt góð á síðasta ári eða 13,7% þó svo að ávöxtun hjá Scudder hafi valdið vonbrigðum síðasta ársfjórðung 1998. Gert er ráð fyrir að aukin áhersla verði á fjárfestingar erlendis þar sem möguleikar til fjárfestinga innanlands hafa minnkað.

Raunávöxtun eigna sjóðsins 1998 er, samkvæmt ársreikningi, 6,5% umfram vísitölu neysluverðs samanborið við 8,7% 1997. Ávöxtun að frádregnum rekstrarkostnaði er 6,4% samanborið við 8,6% 1997. Rekstrarkostnaður sjóðsins var 3,7% af iðgjöldum, og 0,13% af eignum sjóðsins í árslok. Kostnaður á hvern virkan sjóðfélaga samkvæmt skilgreiningu banka- eftirlits Seðlabanka Íslands var 1998 2.895 kr.

Rekstur Söfnunarsjóðsins var að öðru leyti með líku sniði og 1997. Gefið var út upplýsingakver 1996 um starfsemi sjóðsins og réttindi sjóðfélaga. Einnig voru, í apríl 1998, öllum sjóðfélögum sendar upplýsingar um réttindi hvers og eins. Stjórnin hélt 11 bókaða fundi á árinu. Þrír starfsmenn eru í fullu starfi og einn í hálfu.

Stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 1998 með undirskrift sinni.

Reykjavík 26. apríl 1999

Magnús Pétursson,
formaður

Arnar Sigurmundsson

Gunnar Gunnarsson

Halldór Björnsson

Hrafn Magnússon

Margeir Daníelsson

Þorgeir Eyjólfsson

Sigurbjörn Sigurbjörnsson
frankvæmdastjóri

Gunnar H. Hall
ríkisbókari

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar

Við höfum endurskoðað ársreikning Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda fyrir árið 1998. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, efnahagsreikning, yfirlit um breytingar á hreinni eign, sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 15. Ársreikningurinn er á ábyrgð stjórnenda Söfnunarsjóðsins og lagður fram í samræmi við lög og starfsskyldur þeirra. Ábyrgð okkar felst í því að láta í ljós álit á ársreikningnum og byggja það á endurskoðun okkar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin felst meðal annars í úrtakskönnunum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri Söfnunarsjóðsins á árinu 1998, efnahag 31. desember 1998 og breytingu á handbæru fé á árinu 1998 í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju.

Ríkisendurskoðun, 26. apríl 1999

Sigurður Þórðarson, lögg. esk.,
ríkisendurskoðandi

Grétar B. Guðjónsson